

AUGLÝSING
um breytingu á deiliskipulagi Suðurbæjar sunnan Hamars,
Suðurgata 74, Hafnarfjarðarkaupstað.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti þann 2. maí 2017, breytingu á deiliskipulagi fyrir Suðurgötu 74. Í breytingunni felst að byggingarreitur við Suðurgötu 74 er stækkaður til norðurs um 4,7 m. Heimilt byggingarmagn á lóð verður 261 m², nýtingarhlutfall 0,42. Bílastæði færast innar á lóð. Að öðru leyti gilda fyrri skilmálar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 26. maí 2017.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 15. júní 2017